

Péter Zilahy: Síðastigluggagíraffinn (brot)

Gluggagíraffinn var myndabók, sem við lærðumað lesa í, áður en við kunnum að lesa. Ég var farinn að geta lesið, en samtvarð ég að læra það, því að til hvers hefði skólinn annars verið. Gluggagíraffinn opnaði fyrir okkur heiminn í stafrófsröð og gerði hannskiljanlegan. Allt hafði sinn stað og sína merkingu, táknræna oghversdagslega, við komumst að því í bókinni að sólin rís í austri, hjartað slærvinstra megin, októberbyltingin var í nóvember, og birtan kemur inn um gluggann– einnig þegar hann er lokaður. Gluggagíraffinn var fullur með sjöhöfða drekum, álfum, púkum og prinsum, og um þetta var skrifað að það væri ekki til. Égmínnist ferns konar dreka, sem alls ekki eru til, og þriggja prinsu. Gluggagíraffinn kenndi að lesa í samstöfum á milli línanna. Allt var deginumljósara eins og sjónvarpsbangsinn þegar við áttum að fara að háttu, engum dattí hug að spyrja. Gluggagíraffinn var gluggagíraffi. Gluggagíraffinn er bernskamín, búningsklefinn, leikfimitíminn, vaxandi líkamsproski, tími á undan fegurritíma, harðstjórnin mjúka, heimaverkefnið, sakleysið, kynslóð mín. Gluggagíraffinn er bók, þar sem ég sjálfur er ein persónan. Eftir tuttugu árspurði einhver, og þá fyrst komst ég að því, að þetta voru fyrstu og síðustuorðin, alfa og ómega, glugginn og gíraffinn. Já. Glugginn er upphafið, inn umgluggann leggur birtuna, gíraffinn er hið endanlega óendanlega, súrrealisminn, brennandi gíraffar, við deyjum aldrei! Alfræðibók sem inniheldur það sem slepptvar úr.

Ég var hreinn sveinn, en það truflaði ekki. Éghafði ekki einu sinni hugmynd um það. Heimurinn var svart-hvítur, það sást ísjónvarpinu. Ég sé enn í dag fyrir mér framlenginguna á úrslitaleik hollendingaog argentínnumanna, sé tengingarnar Baader-Meinhof og Sojú-Apolló, Elvis, kónginn, dauða hans (ég skildi það ekki, en pabbi var eyðilagður), gaslekann í Zsana, gosskýið yfir St. Helenu, geimflugið með ungverjann okkar og heimsmeistaramót töfrateningsins í Búdapest. Íþróttirnar voru spennandi ísvart-hvítu, við hnefaleikakeppni þurfti að veita því athygli, hvað rendursokkanna voru margar. Frá fyrsta stefnumóti mínu man ég, hvað stelpan hafðimargar rendur á fótunum, augnalitur hennar var óákveðinn, ég sé það enn ísvart-hvítu. Eftir fyrsta kossinn keyptu foreldrar mínir litasjónvarp, og það kom í ljós að hollendingar voru appelsínugulir, ítálar bláir, það eru jafnvel til grænir djöflar og rauðir, aðeins þjóðverjar eru áfram svart-hvítir, eins og refsingarskyni, land þeirra var tvískipt, ég öfundaði þá ekki.

Í fréttatímanum var ég settur í það. Mamma komöðru hverju inn til að gá, hvernig mér líði. Pabbi var við sjónvarpið frammi í dagstofu. Til þess að þau gætu verndað mig fyrir lygunum, þurftu þau að kynnasér smáatriðin. Inni í baðherbergi gat ég bara heyrt

andvörpin í mömmu – hvaðég sultaði mikið í baðkerinu, íbúðin mundi fljóta út í vatni. Ég lét mig síganiður í vatnið. Á kafi í vatninu heyrði ég rödd tala til mín, hún sagði hvaðgerst hefði þann daginn í heiminum: skriða grafið hundrað og fimmtíu manns íaur í Bangladesh, bylting verið gerð einhvers staðar í Vestur-Afríku, búið væriað opna dagheimili og ólympíusundlaug, og MTK hefði unnið Fradi tveir gegneinum. Ég vissi ekki hver væri að uppfræða mig og til hvers, en augljóst aðeitthvað stæði til, því að líka var sagt hvernig veðrið yrði. Daginn eftirgreindi ég nokkrar raddir í baðkerinu, sem benti til þess að ég stæði andspænis skipulögðu félagi. Hvernig þessi fréttamiðlun félagsins fór fram virtistrókrétt, ég gat ekki veitt andsvör, því að ekki er hægt að tala undirvatnsyfirborðinu, en þeir í félaginu gátu ekki náð til mín nema í baðtímanum ánþess að foreldrar mínir og kennarar vissu. Ég átti erfitt með að skilja, afhverju félaginu reið það á miklu að ég fræddist í smáatriðum um nýjustu heræfingarí Póllandi, eða hvaða sveitarfélög vestan Dónár væru tekin í tölu borga, en ég vissi, ef ég tæki eftir, að þeir mundu gefa mér merki. Tilvera mín öðlaðistdýpri merkingu undir vatninu. Þegar móðir mín ýtti mér á kaf við hárvott ásunnuðegi án þess að gruna nokkuð, hvíslaði þægileg kvenrödd í eyra mér aðhaglél hefði eyðilaggt uppskeruna. Ég skildi, til hvers væri ætlast af mér, ogsatt að segja hafði ég ekkert á móti því: að valda usla. Eftir að ég fór írúmið hafði ég áður herjað í myrkrinu með kafbátum og orrustuflugvélum, þaðhafði komið fyrir að ég lenti á gólfinu og það var aðeins óbilandi úthaldi mínuað þakka að lokasigurinn varð minn. Frá þessum degi gróf ég eins og iðinbýfluga undan alþýðulýðveldinu. Landskjálftar, straumrof, gassprengingar vörðuðuleið mína. Ég studdist við upplýsingar fengnar í baðkerinu og valdi úrhernaðarlega mikilvæg mörk. Þegar verksmiðja var tekin í notkun eða orkuver, var ég á staðnum og gerði mitt. Efnahagssamvinnuráðið baslaði bak viðjárnstjaldið eins og Kelemen steinsmiður [í ævintýrinu] og grunaði ekki aðmúrsteinninn holi væri innanhúss.

Krókóttur stígur kynþroskans var varðaður afdánardægum kommúnistískra harðstjóra. Ég kynntist kynlífinu fyrst þegar Maótse Tung dó, þá var ég bitinn á dagheimilinu af stúlku sem hét Díana. ÞegarTító andaðist fór ég í mútur. Þegar Brésnéff var allur, varð mér fyrst sáðfall. Sorgartónlist var leikin í þrjá daga í útvarpinu, mér fannst það ofrausn; tilvar að gefið væri frí í skóla. Svo gerðist ekkert lengi, í tilraunaskyni fór égmeð stúlku í kvikmyndahús, en myndin var of góð, ég fékk krampa í hendina. Ímenntaskóla komst meiri hraði á viðburðina, það voru ekki nema nokkrir dagar ámilli fyrsta kossins og fyrstu stormasömu næturinnar. Á eftir Andropoff varðTsérnenko til að setja upp tærnar. Enver fylgdi þeim nokkrum vikum seinna, enég fer ekki nánar út í það. Um það leyti sem Ceausescu var tekinn af lífikynntist ég G-blettinum. Kim Il Sung safnaði saman þekkingu minni eftir nýjumsjónarmiðum, til allrar hamingju felldi rétturinn niður ákærana. Fidel ...

Árið 1956 á 500 ára afmæli sigursins [átyrkjum] við Nándorfehérvár [Belgrad] er Búdapest skotin sundur og saman. Sovétherinn endurlífgar hefðirnar frá 1944 með nýjum samkomustöðum. Borgin erfull með holur og göt, það eru holur á húsveggjum, holur milli húsa, nýjarholur blandast eldri holum, og það verður sífellt að umræðuefni, hvort tiltekiðhús varð svona í umsátrinu eða í byltingunni, núna 1956 eða þá 1944: getur ekkiverið frá 1944, þetta er ný bygging, hvaða vitleysa, bauhaus-stíll, sérðu ekkibogann á svölunum? Svo féll snjór og fyllti holurnar, aftur snjóaði og nýisnjórinn blandaðist þeim gamla, að lokum gat enginn fullyrt, hvaða snjór hefðifyllt holurnar, og menn biðu þíðunnar, því að eilífur snjór lagði undir siglandið. Fjörutíu þúsund stærri holur og nokkrar miljónir af smærri. Búdapest erborg holanna. Í þessari holóttu borg fæddist ég, holur eftir kúlur ásjúkrahúsveggjum, holóttir grafir í kirkjugarðinum. Við nefið á mér hlykkjaðisttveggja metra snákur niður í gröf Manó Kruchina Schwanbergs baróns (og konu hans Marianne). Baróninn lést 1956, Marianne 1944. Stéttabarátta eða drukkinsteinsmiður? Svo hvarf legsteinninn, og hola varð eftir á staðnum. Svo ný gröfþar sem holan hafði verið. Svona var hægt að rekja hringsól holanna. Í holunnieftir hús afa var byggt húsið sem við bjuggum í, pabbi hafði í barnæsku sinnileikið sér í sprengigígum garðsins. Í stóru holurnar voru byggð hús, litluholurnar voru notaðar undir rusl; ónýt sjónvörp og rafeindarör voru í hrúgu ystí garðinum, ruslahaugur upplýsingatækninnar uppi á Frelsisfjalli [viðsjónvarpsmastrið]. Í einni holunni fundum við vængjaða sprengju, hún var líkameð holu í. Einhver hafði skrúfað sprengihausa af. Við klifruðum upp ávegginn, tróðum fingrum í holurnar, og ímynduðum okkur byssukúlurnar með lokuðaugu. Nýjasta saga Búdapestar skrifuð með blindralettri. Búdapest er ekkisýnileg með augunum, aðeins með fingrunum, aðeins hægt að sjá hana gegnum holurog göt. Lesa á milli línanna, myndletur á stærð við hús, tilbrigði í sagnastílog í ljóðformi, veggjakrot úr stríðinu, dónalegar ástarkveðjur, bréfasafn áútopnu.

Þegar afi var á svipuðum aldri og ég, skautGavrilo Princip á ríkiserfingjann. Það var örlagafundur uppgjafastúdens ogverðandi keisara. Fundur sem þýddi ódauðleika fyrir þá báða. Og dauða. Þeirþekktust ekki, horfðust ef til vill í augu. How do you do? Princip og prins,öreigi og kóngssonur, næsta víst að báðir heyrðu skotin. Síðan þá skjótaGavrilo Princip stytur á Franz Ferdinand stytur í djúpum almenningsgarðanna.Hernaður úr skotgröfum Gavrilo Princip gatna gegn trjáögögum Franz Ferdinands,minningartöflur, safnahús, veggmyndir, kvikmyndir í eldlínu. Styttu ríkisarfansí Sarajevó var brotin niður. Lífsverk hans dauðinn og gaf miljónum manna nýja ástæðutil dauðdaga. Styrjöld heimsins númer eitt hófst sem blóðhefnd. Þegar afi var á mínum aldri, snertust örlög hans við örlög annars manns. Báðir mennirnirkvaddir sem sjálfboðaliðar í keisaralega og konunglega herinn, báðir sendir ásuðurvígstöðvarnar, og á tíma rússnesku sóknarinnar var þeim skipað tilGalisíu. Báðir börðust í fremstu víglínu, Joszip Broz og menn hans tóku

áttatíumanna rússneska sveit til fanga, afi fékk tuttugu og eina skrámu og mörgheiðursmerki í höggorrustu. Þegar til stóð að taka fótinn af honum, miðaði hannskammbyssu á lækninn og skipaði honum út úr skurðstofunni. Innan árs voru þeirteknir til fanga, báðir misstu meðvitund í návígi. Þeir vöknudu upp ísjúkrastofu, báðir með martröð fyrri atvika af sóttthita. Afi heldur að nú eigiað skera af honum fótinn. J. B. ásakar dýrling á helgimyndinni sem hangir yfirruínu, að hann vilji stela fötum hans. Eftir árangurslausar flóttatilraunir nær byltingin þeim í Rússlandi. Sjötti flótti afa míns heppnaðist, fyrst varðhann foringi bæverskrar áhlaupasveitar, síðan herstjóri borgar í Úkraínu. Bolsévíkar grípa Joszip Broz og setja í Alþjóðahersveitina. Við hliðrússneskrar eiginkonu vaknar hann til hinnar sögulegu nauðsynjar. Mér er ekkikært að hugsa til þess, hvað hefði gerst ef afi hefði lent í höndum bolsévika. Á sjúkrahúsinu, þar sem líf þeirra fjarar út áður en öldin er öll, öldin semöllu sneri á haus, er Tító aflimaður en fötunum stolið af afa mínum.

Austurrísk-ungverska einveldið. Gott að lifa ístóru landi, betra en í mörgum litlum. Að fylgjast með breytilegu landslagi úrlestinni, tala mörg tungumál, blönduð hjónabönd, sumarleyfi á sjávarströnd, ástunda hefðir þjóðflokksins, bæla niður það sem er öðruvísi í okkur sjálfum, fara á krána, vera hlutfallslegur, iðrast, fyrirgefa, vakna við bragð frelsis ávör.

Ég fæddist á tuttugasta og fimmta árifrelsunarinnar [frá stríðslokum]. Lenín væri hundrað ára, ef hann lifði. Heilagur Stefán þúsund. Á milli þeirra núllið orðið að veruleika, eins og kílómetrasteinninn fyrir utan undirgöngin, héðan hefst mín för, út úr Búdapestborg. Nítján hundruð og sjötíu: Boeing 747-risapotan (júmbópotan) tilbúin, hófust sovét-amerísku viðræðurnar um samdrátt í vígbúnaði, tekinn ínotkun fyrsti hluti neðanjarðarlestarinnar í Búdapest, Brasilía heimsmeistari í þriðja sinn, allir mega ferðast vestur á bóginn á þriggja ára fresti, það borgar sig að spara (Sparibók æskunnar). Foreldrar mínir létu skrá mig í skólaþegar hundrað þúsundasti Íkarus-vagninn var afhentur. Samhliða skólagöngunnivar Skála-vöruhúsið byggt, ein hæð á ári, á hverri hæð svotil allt finnanlegt. Í áttunda bekk fullbyggt. Ferðalög lágu í loftinu. Þegar ég var á fósturstigidýfði mamma sér í Svartahafið, kannski þess vegna sem ég þjáist af saltskortu. Ég vakna á nóttunni við það að mamma syndir hundasund í myrkrinu. Á bakkanum ámóti er kallað til mín, ég á að koma með vatnsglasið.

Bókstafurinn O er reglulegur hringur í miðjuungverska stafrófsins, hver punktur hringsins er í sömu fjarlægð frá miðjuhans. Miðja stafsins O er því sannnefnd miðja ungverskrar tungu.

Rússneskukennarinn segir að ég skilji ekkislavneska menningu fyrr en ég les Stríð og frið á frummálinu. Kennaranumheppnaðist það í Síberíuhraðlestinni, fram og aftur. Þá kysi ég heldur Glæp ogrefsingu, þá þyrfti ég ekki lengra en til Moskvu. Kannski væri nóg að éta mig ígegnum glæpinn. Heim kæmist ég með Aeroflot, það er svo flott orð. Eins ogkölnarvatn unnið úr stríðsgasi. Tungumálið var hluti grímubúningsins, maðurvarð að látast kunna rússnesku. Hana! Ég horfði á rússnesku í fjörutíu og fimmmínútur, ég kinkaði kolli á rússnesku, varp öndinni á rússnesku, setti Stríð ogfrið yst á skólaborðið.

Mér datt aldrei í hug að gagn gæti verið aftungumálakunnáttu. Kunnáttan var forsenda þroskans, eitthvað verðmætt í sjálfusér, ef þú vildir þroskast, þurftirðu að leysa heimaverkefnið. Við lærðumrússnesku af því að það er stórkostlegt mál, ekki af því að ungverska væri ekkidásemdarfögur. Á þeim tíma töluðu ekki aðrir rússnesku en rússneskukennararnir, konur í kringum fimmtugt með litað hár. Þær voru bardagafús þjóðernisminnihlutimeð ættflokkiðvenjur. Þrákelknishugdetta þeirra var að tilkynna sig, það varforsenda þess að halda lífi, að tilkynna höfðatöluna áður en haldið væri tilátaka. Ég sá ekki rússneskan dáta nema á kvikmynd, en talið í myndinni var áungversku. Rússneska hermenn sá ég þá fyrst í verunni þegar þegar þeir héldu á brott. Kaldastríðinu var slotað, friðnum var líka slotað, það var ekki lengurvit í að deyja fyrir hann, rússarnir seldu búnað sinn á táknrænu verði. Félagi minnvildi kaupa fallhlíf, ég gerðist túlkur hans.

Parasjút jesty, spurði ég, er til fallhlíf? –en ég skellti upp úr, ty vantaði, hamingjan sanna, sovétsögnin að vera fellursaman við kana-jessið, ég hafði þá til einhvers lært. Það er það sama, yankeego home og paslí damoj, hernámið var strik á landabréfinu, komma yfir staf, tengiorð. Ekki bryndrekar, ekki átta bekkja grunnskóli, ekki bangsiMoskvuleikjanna. Undirskrift á heimaverkefnablaðið. Undirforinginn svaraði áungversku, það yrðu tvær vodkaflöskur, sagði hann og sýndi tvo fingur, þeirværu tveir saman félagarnir. Hann spurði hvernig gengi í skólanum. Mér fannst hann vera að koma sér í mjúkinn hjá okkur og tuldraði þrákelknislega nú-nú einsog ég hafði séð í Lygn streymir Don. Hann sagðist líka eiga son, Sergei, ogvita að við ættum ekki heldur góða daga, hvað við segðum viðKalasníkoff-riffli. Eða þessari skammbyssu! Ég er enginn sætindafíkill, ensvona gæti ístrubelgnum liðið í sætindabúðinni. Hann léti líka skothylki fylgjaí auglýsingaskyni, drekkum gömlu góðu tímunum til. Góðu gömlu tímarnir þegar égvar ekki kominn til sögu, og feður okkar vógu hvor annan í gleði sinni, égskyldi drekka þeim tímum til við óvinahermanninn, sem ávarpar mig á móðurmálimínu. Þitt helv [þína heill], segir hinn undirforinginn, það lekur úr honumnasdaróvje. Þitt helv – tungan er snillingur! Sergei heitir líka Sergei eins ogsonurinn, en gagnvart okkur Serjósá – hann ýtir að mér flöskunni og vitnarvillulaust í Petófi. Ungverjaland er ljóðlist, segir hann. Ég

segi frá því að hópur ungverskra vísindamanna hafi fundið Sándor Petőfi íkonubeinagrind í Barguzin. Það kæmi sér ekki á óvart, segir hann, Rússland ersvo risastórt. Hann er alls ekki ágengur, frekar að hann sé hjálpfús. Hann væri ekki á því að fara heim, væri orðinn hagvanur hér, kynni vel við ungverja, einkum kvenfólkið, hann drepur tittlinga framan í mig, eins og ég ætti að vita, um hvað málið snúist. Ég drep pavlofska tittlinga á móti, enda veit ég aðtalandi um konur á að drepa tittlinga. Við vildum ekki halda honum lengur uppiá snakki, en hann heldur okkur kyrrum, áfram á ungversku. Það er betra að vara sig! Getur verið að hann tali ekki rússnesku? Obí-úgrískur gagnnjósnari? Við göngumaftur á bak út og veifum, hann kallar til okkar í dyrunum, vildum við ekki nokkrar handsprengjur í kaupbæti?

Íslensk þýðing (Reykjavík, sept. 2003): Hjalti Kristgeirsson

© Péter Zilahy | <http://www.zilahy.net>